

Kynningarfundur í Öldutúnsskóla 23. október 2014 kl. 17:00 vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi Öldutúnsskolalóðarinnar og leikskólalóð í Kinnum.

Á fundinn mættu um tíu íbúar (enginn frá Víðihvammi 1), Ólafur Ingi Tómasson formaður skipulags- og byggingarráðs, Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri og Hrönn Hilmarsdóttir verkefnisstjóri félags- og fjölskyldusviðs, Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs, Málfríður Kristjánsdóttir skipulags- og byggingarsviði og Páll Gunnlaugsson og Gunnar Örn Sigurðsson ASK arkitektum.

Ólafur Ingi bauð fundarmenn velkomna. Bjarki gerði grein fyrir um hvað málið fjallaði og Páll kynnti skipulagstillögurnar. Síðan var opnað fyrir umræður.

Íbúi úr Kinnum talaði um að mikil umferð væri við skólann og mikil hætta fyrir börn. Síðan var beint spurningu til Rannveigar um hvernig sambýli væri fyrirhugað.

Svarið var að gert væri ráð fyrir 5-6 íbúðum fyrir íbúa sem þurfa aðstoð allan sólarhringinn. Íbúinn taldi að svona sambýli hentaði ekki á þessum stað og bað menn að íhuga hvort þessi gerð þjónustuíbúða ætti heima við hlið leikskóla.

Íbúi við Öldugötu 44 lýsti ánægju með að byggt yrði á lóðinni þar sem núna væri þarna drasl.

Spurt var hvort búið væri að finna stað fyrir skólagarða í stað þessara.

Ólafur Ingi sagði að finna þyrfti nýjan stað og það væri gaman að hafa hann í hverfinu. Bjarki taldi að skólagarðar fengju að vera þarna næstu árin þar sem ekki væri á áætlun að byggja leikskóla í bráð.

Spurt var um stærð íþróttahúss og Páll skýri frá að það væri um 300 m² auk búningsherbergja.

Þá var spurt um hvenær væri fyrirhugað að byggja íþróttahúsið. Ólafur Ingi sagði að það væri ekki á dagskrá en að skipulags- og byggingarráð væri sammála um að þarna þyrfti að byggja íþróttahús.

Bent var á að þótt Öldugatan væri með 30 km hámarkshraða þá keyrðu allir miklu hraðar. Bjarki sagði að þarna þyrfti að hraðamæla.

Kennari við skólann lýsti ánægju með gangbraut en benti á að það þyrfti að vera gangbraut hinum megin við götuna þar sem þessi leið er farin og meðfram Kinnunum með börnin.

Spurt var um hvort komið væri að því að reisa búsetukjarnann. Bjarki greindi frá að verið væri að leita að lóðum víðar fyrir samsvarandi búsetuúrraæði.

Spurt var hvort þessi búsetukjarni væri einvörðungu íbúðir eða hvort þarna yrði sameiginlegt rými. Rannveig sagði að hluti húsnæðisins yrði sameiginlegtr rými. Íbúi talaði um að sameiginlegt rými væri þar sem fólk gæti hist þar sem annars væri hætta á að það einangrist.

Atugasemd kom frá kennara Öldutúnsskóla um að enginn í skólanum ekki einu sinni skólastjórinn vissi um fyrirhugaða breytingu á lóð skólans fyr en auglýsingin birtist.

Bjarki benti á að fræðslustjóri hefði vitað af þessu en það þyrfti að bæta úr upplýsingarflæði.

Fundi lokið kl 17:50

MK